



Borgarráð

Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

Tónleikar í Laugardal

Á aðalfundi Íbúasamtaka Laugardals 28. maí 2019 var samþykkt eftirfarandi ályktun:
"Íbúasamtökin óska eftir því við Reykjavíkurborg að almenn viðhorfskönnun fari fram meðal íbúa hverfisins fyrir og eftir Secret Solstice hátíðina í ár. Íbúasamtökin óska eindregið eftir því að borgaryfirvöld og skipulagsaðila hátíðar sjái til þess að löggæsla verði næg yfir hátíðina."

Með bréfi Íbúasamtakanna dags. 4. júní 2019 var ályktun þessari komið á framfæri við borgarráð. Skrifstofa borgarstjórnar vísaði málinu til meðferðar ÍTR með bréfi dags. 18. júní 2019.

Leitað hefur verið upplýsinga hjá fyrirtæki sem stendur fyrir viðhorfskönnunum meðal almennings og má áætla að kostnaður við 5 spurningar hjá um 500 einstaklingum myndi kosta um 800.000.-

Gert er ráð fyrir að svæðið sem könnunin næði til væri austan Kringlumýrarbrautar, norðan Suðurlandsbrautar og sunnan Sæbrautar. Á þessu svæði búa um 12.500 íbúar eldri en 18 ára.

Úrtak yrði valið með tilviljunaraðferð úr þjóðskrá og könnunin yrði síma- og netkönnun.


Omar Einarsson.